

Messur á morgun

Guðspjall dagsins:
Lúk. 15:
Hinn týndi sauður.

DÓMKIRKJAN: Messa kl. 11. Sr. Hjalti Guðmundsson, predikar, dómkórinn syngur, organleikari Marteinn H. Friðriksson.

ÁRBÆJARPRESTAKALL: Guðspjónusta í Safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 11 árd. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ÁSPRESTAKALL: Messa að Norðurbrún 1, kl. 11. Sr. Arni Bergur Sigurbjörnsson.

BÚSTADAKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11. Sr. Jón Bjarnar predikar, organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Sóknarnefndin.

ELLIHEIMILID Grund: Messa kl. 10. Sr. Þorsteinn Björnsson.

GRENSÁKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11. Organleikari Arni Arinbjarnarson. Kvöldguðspjónusta með altarisgöngu, ný tónlist, kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11. Samleikur á fiölu og orgel: Unnur María Ingólfssdóttir og Hörður Askelsson. Sr. Karl Sigurbjörnsson predikar. Þriðjudaga, fyrirbænaguðspjónustur kl. 10.30, beðið fyrir sjúkum.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HÁTEIGSKIRKJA: Messa kl. 11. Sr. Tómas Sveinsson.

BORGARSPÍTALINN: Messa kl. 10. Sr. Tómas Sveinsson.

LANGHOLTSKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11. (Síðasta messa fyrir sumarleyfi.) Ræðuefni:

Margur hyggur auð í annars garði. Prestur Sr. Sigurður Haukur Guðjónsson, organleikari Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

LAUGARNESPRESTAKALL: Laugard. 26. júní, guðspjónusta Hátúni 10B, 9. hæð, kl. 11. Sunnud. messa kl. 11. Altarisganga. (Ath. síðasta messa fyrir sumarleyfi starfsfólks kirkjunnar.) Hallgrímur Hallgrímsson, Bláskógum 7, Reykjavík, verður fermdur.

NESKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11. Félagssstarf aldrafra: Fjögrura daga ferð til Akureyrar, Húsavíkur og Mývatnssveitar 21. júlí. Þátttaka tilkynnist kirkjuverði í síma 16783 sem veitir allar upplýsingar í viðtalstímanum milli kl. 17 og 18 mánudaga til föstudaga, fyrir miðvikudaginn 7. júlí. Sr. Frank M. Halldórsson.

SELJASÓKN: Guðspjónusta Ölduselsskóla kl. 11. Síðasta guðspjónusta fyrir sumarleyfi. Fimmtudagur 1. júlí, bænastund Tindaseli 3, kl. 20.30. Sóknarprestur.

FRÍKIRKJAN í Reykjavík: Messa kl. 2. Organleikari Sigurður Isólfsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson. Safnaðarprestur.

DÓMKIRKJA KRISTS konungs Landakoti: Lágmesa kl. 8.30 árd. Hámesa kl. 10.30 árd. Lágmesa kl. 2 síðd. Alla rúmhelga daga er lágmesa kl. 6 síðd. nema á laugardögum þá kl. 2 síðd.

FELLAHELLIR Kapólsk messa kl. 11 árd.

KIRKJA ÓHÁDA safnaðarins: Messa kl. 11 árd. Einleikur og einsöngur. Þetta er síðasta messa fyrir sumarleyfi. Sr. Emil Björnsson.

FÍLADELFIÚKIRKJAN: Almenn guðspjónusta kl. 20. Ræðumenn Hafliði Kristinsson og Guðni Einarsson. Fórn til barnaheimilisins í Kornmúla.

KIRKJA JESÚ KRISTS hinna síðari daga heilögu, Skólavörðustíg 46: Sakramentissamkoma kl. 14. Sunnudagaskóli kl. 15.

GARDA- og VÍDISTADASÓKNIR: Guðspjónusta í Garðakirkju kl. 11 árd. Sr. Bragi Friðriksson.

KAPELLA ST. Jósefssystra í Garðabæ: Hámesa kl. 2 síðd.

HAFNARFJARDARKIRKJA: Messa kl. 11 árd. Sóknarprestur.

KARMEKLAUSTUR: Hámesa kl. 8.30 árd. Rúmhelga daga messa kl. 8.

KAPELLAN St. Jósefsspítala: Messa kl. 10 árd.

KEFLAVÍKUR- og NJARÐVÍKURPRESTAKÖLL: Messa kl. 10.30 árd. í Keflavíkarkirkju.

Fermd verða De Anne Renee Stansberry og Sigurður Stansberry, Sólvallagötu 10, Keflavík. Sr. Ólafur Oddur Jónsson.

ÞINGVALLAPRESTAKALL: Messað í Þingvallakirkju kl. 14. Organleikari Einar Sigurðsson. Sóknarprestur.

GAULVERJABÆJARKIRKJA: Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Aðalfundur Kaupfélags Skagfirðinga

AÐALFUNDUR Kaupfélags Skagfirðinga fyrir árið 1981 var haldinn á Sauðárkróki, laugardaginn 12. júní. Á fundinum áttu rétt til fundarsetu 58 kjörnir fulltrúar deilda, auk deildarstjóra, stjórnar, endurskoðenda og kaupfélagsstjóra. Einnig sátu fundinn allmargir gestir.

Í upphafi fundar minntist stjórnarformaður, Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður, þeirra félagsmanna er látist höfðu frá síðasta aðalfundi. Í ræðu stjórnarformanns Jóhanns Salbergs Guðmundssonar kom m.a. fram, að heildarfjárfestingar félagsins á síðastliðnu ári námu tæplega 5,5 milljónum króna. Af einstökum fjárfestingarverkefnum bar hæst nýbyggingu félagsins við Ártog á Sauðárkróki, sem hýsa mun aðalstöðvar þess í framtíðinni.

Í ræðu kaupfélagsstjóra, Ólafs Friðrikssonar, kom m.a. fram að starfsmenn félagsins voru um síðastliðin áramót 245 að tölu. Félagsmenn kaupfélagsins voru um síðastliðin áramót tæplega eitt og hálf þúsund og á framfæri þeirra töldust vera þrjú þúsund þrjú hundruð fimmtíu og átta manns, að þeim sjálfum meðtöldum. Heildarvelta kaupfélagsins og dótturfyrirtækja þess nam alls 256,3 milljónum króna og hafði

aukist um 53,5% frá fyrra ári. Afkoma félagsins reyndist hins vegar lakari enn oft áður. Þegar bókfærðar höfðu verið fyrningar að upphæð 4,76 milljónir króna og færð til gjalda verðbreytinga-færsla að upphæð um 138 þúsund krónur, sýndi rekstaruppgjör halla að upphæð 1.358 þúsund krónur.

Jóhann Salberg Guðmundsson og Marínó Sigurðsson gengu úr stjórn félagsins og gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Í þeirra stað voru kjörnir í stjórn félagsins þeir Stefán Guðmundsson, alþingismaður á Sauðárkróki, og Sigurður Sigurðsson á Brúsastöðum.

29555

Opið 10—3

Skodum og metum eignir samdægurs.

2ja herb. íbúðir

Hraunbær 40 fm einstaklingsíbúð. Verð 600 þús.

Boðagrandi 65 fm glæsileg eign með bílskýli. Fæst eingöngu í skiptum fyrir 4ra herb. íbúð í vesturbæ.

Melabraut íbúð á 1. hæð. Öll nýstandsett. Laus nú þegar. Verð 650 þús.

Hverfisgata 60 fm íbúð á 2. hæð. Verð 550 þús.

Vantar 2ja herb. íbúð helst í vesturbænum. Möguleg makaskipti á 3ja herb. íbúð á Hringbraut.

3ja herb. íbúðir

Mariubakki 90 fm góð íbúð á 3. hæð. Fæst í makaskiptum fyrir 2ja herb. íbúð í Breiðholti, ekki í Seljahverfi.

Efstihjalli 95 fm íbúð á 2. hæð. Selst í skiptum fyrir góða sérhæð eða raðhús í Kópavogi.

Nökkvavogur 90 fm efri hæð í tvíbýli. Góðar innréttingar. 30 fm bílskúr. Verð 970 þús.

Sléttahraun 96 fm íbúð á 3. hæð. Stórar suðursvalir. Nýjar innréttingar. Verð 980 þús.

4ra herb. íbúðir

Álfheimar 114 fm íbúð á 1. hæð. Verð 1050 þús.

Engihjalli 110 fm á 1. hæð. Furuinnréttingar. Parket á gólfum. Verð 970 þús.

Háaleitisbraut 117 fm á 3. hæð. Í skiptum fyrir 2ja—3ja herb. íbúð í Háaleitishverfi, Fossvogi eða Espigerði.

Hvassaleiti 4ra herb. 105 fm íbúð á 2. hæð í skiptum fyrir stóra íbúð með 4 svefnherb.

Mariubakki 110 fm á 3. hæð. Stórar suðursvalir. Verð 1050 þús.

Glæsibær 2x140 fm. 32 fm bílskúr. Verð 2,2—2,3 millj.

Snorrabraut 2x60 fm einbýli. Lítil íbúð í kjallara. Húsið stendur á eignarlóð. Verð 2,2 millj.

Kópavogsbraut 140 fm einbýli. Þar er 30 fm kjallari. Stór ræktuð lóð. Hugsanlegt að taka 3ja herb. íbúð uppi kaupverð, helst í Hafnarfirði. Verð 1,6 millj.

Úti á landi

Keflavík 4ra herb. 110 fm íbúð. Verð 470 þús.

Stokkseyri 120 fm einbýlishús á 2 hæðum. Nýuppgert. Tilvalið sem sumarhús. Verð 600 þús.

Grundarfjörður 96 fm einbýli. Verð 575 þús.

Tálknafjörður 60 fm einbýli. Verð 1,350 þús.

Verzlunarhúsnæði

Álfaskeið, Hafn. 420 fm fyrir nýlenduvöruverzlun. Verð 2,6 millj.

Söluturn — skrifstofuhúsnæði Bragagata. 22 fm húsnæði með 17 fm kjallara. Mjög hentugt undir söluturn eða skrifstofu. Verð 330 þús.

Eignanaust

Skipholtí 5.
Sími 29555 og 29558.

Þorvaldur Lúðvíksson hrl.



Nokkrir þeirra listmálara, sem myndir eiga á sýningu Listmálarafélagsins að Kjarvalsstöðum. Taldir frá vinstri: Valtýr Pétursson, Gunnar Örn Gunnarsson, Kjartan Guðjónsson, Sigurður Örylgsson, Jóhannes Jóhannesson, Hafsteinn Austmann og Einar G. Baldvinsson.

Myndlistarsýning Listmálarafélagsins

Listmálarafélag Íslands opnar sína fyrstu samsýningu í dag, laugardaginn 26. júní, klukkan 15.00 og stendur sýningin yfir til sunnudagsins 11. júlí og verður opin daglega frá 14—22.

Allir félagsmenn, 21 að tölu, eiga myndverk á sýningunni, og gera má ráð fyrir að alls verði sýndar 80—90 myndir, sem flestar hafa verið sýndar áður.

Flestar stefnur í málalist eiga þarna einhvern fulltrúa, verk í anda hlutstæðrar, óhlutstæðrar og figúratívrrar listar verða, svo dæmi sé tekið, á sýningunni. Segja má að það eina sem þessir listmálara eiga allir sameiginlegt sé að mála með pensli, og að sögn þeirra listmálara sem Morgunblaðið hitti á Kjarvalsstöðum við uppsetningu

sýningarinnar, er pensillinn aftur kominn í fullt gildi, þannig fari þróunin í hring, þrátt fyrir ýmis tískufyrirbrigði eins og ljósmyndunina til dæmis. Svo að segja allar myndirnar eru málaðar í olíu eða akrýl, og um það bil 40 ár eru milli þess yngsta og elsta sem sýna á sýningunni.

Þeir sem myndir eiga á sýningunni eru: Ágúst Petersen, Bragi Ásgeirsson, Einar Baldvinsson, Einar Hákonarson, Einar Þorláksson, Elías B. Halldórsson, Guðmunda Andrésdóttir, Gunnar Örn Gunnarsson, Hafsteinn Austmann, Hrólfur Sigurðsson, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Örylgsson, Steinþór Sig-

urðsson, Svavar Guðnason, Valtýr Pétursson, Vilhjálmur Bergsson og Þorvaldur Skúlason.

Listmálarafélag Íslands var stofnað 15. apríl 1982. Því er ætlað að gæta hagsmuna félagsmanna og vera vettvangur, þar sem þeir geta hist og rætt sameiginleg áhugamál og viðfangsefni. Félagsmenn eru áfram félagar í Félagi íslenskra myndlistarmanna.

Á Kjarvalsstöðum eru einnig tvær aðrar sýningar í gangi, sem opnaðar voru meðan listahátíð stóð yfir. Önnur ber nafnið „Af trönunum Kjarvals“ og er sýning á verkum Kjarvals í eigu Reykjavíkurborgar. Þá er Magnús Tómasson með sýningu á verkum sínum. Sýningarnar eru opnar daglega 14—22.

Kjöreign

Ármúla 21.
Dan V.S. Vilum, lögfræðingur.
Ólafur Guðmundsson sölum.